

Reglur um heimila samsetningu náms við HA
Samþykktar í háskólaráði 25. apríl 2008

Bakkalárstig:

1. Nemendur ljúka 90 einingum/180 (ECTS) einingum eða 120 einingum/240 (ECTS) einingum til að hljóta bakkalárpróf.
2. Nemendum er heimilt að byggja nám sitt upp með þeim hætti að ljúka 60 (120 ECTS) eða 90 (180 ECTS) einingum í aðalgrein og 0 eða 30 (60 ECTS) einingum í aukagrein. Sé bakkalárnám 120 (240 ECTS) einingar er heimilt að setja það saman úr 120 (240 ECTS), 90 (180 ECTS) eða 60 (120 ECTS) einingum í aðalgrein og 0, 30 (60 ECTS) eða 60 (120 ECTS) einingum í aukagrein. Allar slíkar námsleiðir þurfa að vera fyrirfram skilgreindar í námskrá áður en nám hefst.